

Velferðarsjóður

Klúbbnum Geysi hefur borist tilboð um að taka að sér verkefni við hreinsun á húsnæði sem Landsspítalinn á í Kópavogi. Um er að ræða eina af deildum gamla Kópavogshælisins sem búið er að endurhanna og verður útbúin þar 12 rúma deild fyrir langveik börn. Velferðarsjóður undir stjórn Ingibjargar Pálmadóttur fyrrverandi heilbrigðisráðherra stendur að framkvæmdinni og er það að hennar frumkvæði að Klúbbnum Geysi bauðst að taka þátt í þessu verkefni. Verkefnið er að hreinsa út gamlar innréttingar og flokka þær í gáma, ekki er um ræða mikla erfiðisvinnu, aðrir aðilar sjá um niðurrifið. Ágóðinn af verkefninu rennur í sameiginlegan sjóð sem notaður verður í sértæk verkefni klúbbsins Geysis. Þeir félagar sem hafa áhuga og aðstæður til að taka þátt í þessu verkefni vinsamlegast hafið samband við klúbbinn.

Framundan í október

Fimmtudaginn 2.október verður opið hús í Klúbbnum Geysi til 21:00. Gunnhildur Sigurðardóttir sem er í stjórn klúbbsins ætlar að sína myndir úr starfi Rauða krossins.



Þriðjudaginn 7. október verður haldið konukvöld í klúbbnum Geysi frá kl. 16.00 til 19.00.



Fimmtudaginn 9. október frá kl. 17.00—18.30 verður kynning á framkvæmdaáætluninni sem gerð var í Genesis Club. Allir að mæta!



Laugardaginn 11. október förum við í Heiðmörk, fáum okkur góðan göngutúr og njótum útivistarinnar. Við hittumst kl. 13:00 í klúbbnum og leggjum af stað á bílum.



Fimmtudaginn 16.október ætlum við að hittast á Kaffi París kl. 20:00. Við hvetjum félagar að koma með góða skapið með sér og hittast þar kl. 20 um kvöldið.



Fimmtudaginn 30. október verður haldið glæsilegt innflutningshóf í Klúbbnum Geysi.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 09.00 - 16.00,
nema föstudaga er lokað kl. 15.00.
Fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er opið til kl. 21.00

10. tölublað október 2003



KLÚBBURINN GEYSIR

BYGGT Á OG REKIÐ SAMKVÆMT ALÞJÓÐLEGRI
HUGMYNDAFRÆÐI **FOUNTAIN HOUSE**

Litli Hver



Lærimeistarar, félagar og nemendur á veröndinni fyrir framan Genesis Club í Massachusetts á síðasta degi þjálfunarinnar.

Klúbburinn Geysir, Skipholti 29, 105 Reykjavík Sími 551-5166
Tölvupóstur: geysir@heimsnet.is Veffang: www.kgeysir.is

Ameríkuferðir félaga og starfsfólks



Anna og Óðinn ræða framkvæmdaáætlunina sem unnið var að í þjálfuninni.

Þann 6. september síðastliðinn fóru Benedikt og Óðinn í þjálfun í Genesis Club í Massachusetts í Bandaríkjunum. Þar voru þeir í þrjár vikur í ströngu en skemmtilegu námi. Til stóð að einn fulltrúi úr stjórn Geysis væri í þjálfuninni þriðju vikuna. Þar sem stjórnarmaður komst ekki fór Anna í staðinn. Öll höfðu þau mikið gagn og gaman af dvölinni. Þau eiga eftir að kynna fyrir okkur í Klúbbnum hvað þau lærðu og hvernig við getum eftir okkar starf. Í vikunni sem Anna var úti vorum við svo lánsöm að fá Orra, sumarstarfsmann

til okkar fyrir hádegi. Stjórnarmenn komu einnig í þessari viku og unnu verkefni innan klúbbsins. Meðal verkefna sem stjórnarmenn unnu var að undirbúa innflutningshóf, kanna möguleika á því að fá nýja skrifstofustóla og leita styrkja.

Jónína, Kristín Björg, Anna og Stefanía fara á ráðstefnu ICCD í Minneapolis þann 10. október næstkomandi. Hópur úr klúbbhúsi í Stokkhólmi millilendir hér á landi eftir ráðstefnuna og gistir þrjár nætur í Klúbbnum Geysi. Verið er að undirbúa komu þessa hóps með því að sauma átta rúmföt. Sú hugmynd hefur verið skoðuð að fara með hópnum í stutta dagsferð.

Munið könnunina!

Með síðasta tölublaði Litla Hvers var send viðhorfskönnun. Svörin hefur verið nokkuð góð en enn eiga nokkrir eftir að skila. Við hvetjum þá sem eiga eftir að skila að senda svörin sem fyrst. Því fleiri sem taka þátt, því marktækari verður könnunin.



Hluti þjálfunarfélaga í Genesis Club.

Heimasíðan

Þann 13. október fer fram verkleg kennsla í uppfærslu á heimasíðu klúbbsins Geysis frá klukkan 16.00 til 19.00. Leiðbeinandi er Björn Arnar. **Allir áhugasamir mæti!!**

Fótboltaklúbbur

Sparkvertíðin er hafin hjá Íþróttaklúbbnum. Æfingar eru á miðvikudögum kl. 19:30-21:15 í húsnæði Íþróttabandalags fatlaðra í Hátúni. Æfingin hefst með upphitun og síðan er skipt í lið. Ársgjaldið er 1200 kr á mann en mánaðagjaldið 1000 kr. og verða sendir giró-seðlar fyrir gjöldum þegar frá líður. Áhugasamir eru hvattir til að mæta. Nú þegar eru búnar tvær æfingar og mikil ánægja er meðal knattspyrnukappa.

Afmælishátíð Geysis 30. október

Þann 30. október næstkomandi verður hátíð í Klúbbnum Geysi. Tílefnið er að fagna nýjum húsakynnum og fjögurra ára afmæli klúbbsins sem var 9. september. Velunnarar, félagar og aðstandendur eru boðnir til hátíðarinnar. Ýmislegt skemmtilegt verður um að vera. Meðal þess sem verður á dagskrá er myndasýning, kaffiveitingar, kynning á starfseminni og Geysisbandið mun spila nokkur vel valin lög. Hátíðin mun hefjast kl. 16:30. Undirbúningur fyrir hátíðina er hafinn og við hvetjum alla sem geta til þess að aðstoða við að gera þessa hátíð sem glæsilegasta.

Húsfundir!

Húsfundir eru haldnir tvisvar í viku, mánudaga kl. 09.30 og miðvikudaga kl. 13.00. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.

Allir að mæta!!!